

Nd.

169. Breytingartillögur

[65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Á eftir 23. gr. komi tvær nýjar greinar (verða 24. og 25. gr.), svo hljóðandi:
 - a. (24. gr.) 1. másl. d-liðar 82. gr. laganna orðist svo:

allt að 600 þúsund krónur á ári í utanfararstyrki sjúklinga skv. fjárlögum, framlag til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59 1942, og sjúkra-samlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir.
 - b. (25. gr.) Fyrir orðin „kr. 300.00 á mánuði“ í 84. gr. laganna komi: kr. 600.00 á mánuði.
2. Í stað 3. og 4. málsgr. 25. gr. komi ein málsgr., svo hljóðandi:

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 68 1958, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, lög nr. 69 1958, um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., 2. másl. 1. gr. laga nr. 1 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl., og lög nr. 27 1959, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.